

Fundargerð FORMA 6. september 2023

Fundur settur klukkan 16:15

Mætt: Björn Leifur, Erla Björg, Erna Krsitín, Hanna Guðbjörg Þorgrímsdóttir, Helga Hákonardóttir og Þórunn Kristín Sigurðardóttir.

1. Þetta var fyrsti fundur FORMA nýrrar stjórnar fyrir skólaárið 2023 - 2024. Stjórnina Skipa Björn Leifur Þórisson, Erla Björg Guðmundsdóttir, Erna Kristín Kristjánsdóttir, Hanna Guðbjörg, Helga Hákonardóttir og Þórunn Kristín Esquivel.

Sandra Sif Ragnarsdóttir náms- og starfsráðgjafi situr fundina og er tengiliður FORMA við skólann.
2. Fjallað er um áform um sameiningu VMA og MA.
3. Stjórnin ætlar að lesa skýrslu um efling framhaldskóla sviðsmynd 1, Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fyrir næsta fund.
4. Tekin verður ákvörðun á næsta fundi hvort foreldrafélagið ætlar að gefa frá sér yfirlýsingum um áfrom um sameiningu VMA og MA. Þar sem allir voru ekki búnir að mynda sér skoðun á því máli.
5. Búið er að tilnefna Erlu Björg Guðmundsdóttir til þess að vera áheyrnarfulltrúi í skólanefnd skólaárið 2023-2024.
6. Rætt samskipti nýnema og eldri nemenda. Kynnt var samkomulag sem FORMA hefur gert við Huginn skólafélag um samskipti lögráða og ólögráða nemenda við Menntaskólann á Akureyri undanfarin ár og mun FORMA óska eftir því við Huginn skólafélag að þetta verði gert fyrir þetta skólaár.

Fundi slitið kl. 17:10

Næsti fundur 13. September klukkan 16:15

Fundargerð FORMA 13. september 2023

Fundur settur klukkan 16:15

Mætt: Björn Leifur Þórisson, Erla Björg Guðmundsdóttir, Erna Kristín Kristjánsdóttir, Hanna Guðbjörg, Helga Hákonardóttir og Þórunn Kristín Esquivel.

1. Karl Frímannsson skólameistari kom og ræddi áform um sameiningu VMA og MA.
2. Skólafélagið Huginn kom og kynnti helstu viðburði fyrir skólaárið 2023- 2024
3. Foreldrafélagið telur að ákvörðun um sameiningu sé fullkomalega ótímabær og tekur undir ályktun skólanefndar MA um að áformum um sameiningu MA og VMA verði frestað meðan haldbær rök um ávinning liggja ekki fyrir.

Fundi slitið kl. 17:00.

Fundargerð FORMA 23. Nóvember 2023

Fundur settur klukkan 16:15

Mætt: Björn Leifur, Erna Kristin, Hanna Guðbjörg Þorgrímsdóttir, Helga Hákonardóttir og Sandra Sif Ragnarsdóttir

1. Telja að ungmenni eigi ekki að hafa greiðan aðgang að orkudrykkjum í skólanum og vilja þar með banna sölu slíkra drykkja. Orkudrykkir eru seldir í sjoppu skólans sem er rekin af nemendafélaginu. Foreldrafélagið bendir á að orkudrykkir hafi sérstaklega skaðleg áhrif á börn og ungmenni og aukið framboð á orkudrykkjum hefur þau áhrif að neysla eykst. Það gera sér ekki allir grein fyrir því að óhófleg neysla getur valdið skaðlegum heilsufarsvandamálum.
2. Skapast hefur sú hefð að 3. bekkjar bjóði 1. bekkjum í party og öfugt. Þetta er farið að valda togstreitu milli nemenda 1. bekkjar vegna krafna um að útvega húsnæði til þess að bjóða eldri bekkjum í party.

Fundi slitið kl. 17:30